

Nýju stríðin og heilapvottavélin mikla

Sun, 21/10/2012 - 10:13 | [Þórarinn Hjartarson](#)



Voðaleg slagsíða er í fréttáflutningi íslenskra fjölmiðla frá átaka- og styrjaldarsvæðum. Túlkun átakanna í Líbíu og Sýrlandi undanfarið eitt og hálf tveggja ár minnst hastarlega á upphaf stríðsins í Írak 2003. Þá löptu íslensku fjölmiðlarnir upp lygasúpuna frá Bush og Blair um hættuna sem stafaði af Saddam Hússein og útheimti vestræn afskipti. Sjónvarpsstöðvarnar tvær sendu svo fall Bagdad út í beinni með því að tengja sig inn á CNN og BBC World (líkt og gert var í Persaflóastríðinu 1991).

Vestrið og smádjöflarnir

Þetta var endurtekið í stríðinu í Líbíu. Íslenskir fjölmiðlar lýstu því á þann veg að þar ætti frelsiselskandi almenningur og lofther NATO í höggi við ofbeldisfullan harðstjóra. Aðgerðin tókst vel. Sjúklingnum versnaði að vísu; eftir stendur land í henglum og tætlum - eins og Írak - en aðgangur vestrænna auðhringa að olíunni er nú óhindraður og Kínverjar eru reknir á dyr. Sem sagt gott.

Átökum í Sýrlandi er nú lýst í öllum helstu fjölmiðlum landsins sem valdbeitingu stjórnvalda gegn saklausum almenningi. Staðreyndirar koma þó í ljós, en aðeins eftir krókaleiðum. Þar geysar stríð þar sem uppreisnaröflin (Frjálsi sýrlenski herinn og Sýrlenska þjóðarráðið) hafa frá fyrsta degi verið þungvopnuð og rækilega studd af vestrænum stórveldum og nánustu bandamönnum þeirra í arabaheiminum (einkum Katar og Sáði-Arabíu) og NATO-landinu Tyrklandi.

Vel mætti draga inn önnur átakasvæði, s.s. Júgóslavíu, Sómalíu eða Afganistan en því er sleppt, til að einfalda dæmið, og einkum lögð til grundvallar stríðin í arabaríkjunum - Írak, Líbíu og Sýrlandi - þar sem málvextir eru innbyrðis hliðstæðir. Að einu mikilvægu leyti voru þó málvextir öðru vísi í Írak en í hinum tveimur löndunum: innrásin þar beindist að nokkru leyti gegn hagsmunum Frakka, Þjóðverja og fleiri Evrópuríkja sem höfðu gott samband við Saddam þannig að NATO var klofið í afstöðu sinni, á meðan NATO var sameinað gegn Líbíu og virðist líka vera sameinað gegn Sýrlandi.

Kerfisbundin slagsíða

Fréttastöðvarnar skilgreina hvar helstu vandamálin liggja nú um stundir. Þau liggja í háttarlagi stjórnvalda í Sýrlandi og Íran, og stuðningi Kínverja og Rússa við þau. Öllu er snúið á haus. Hreinræktuðum ránsleiðöngurum heimsvaldasinna er lýst sem "mannúðaríhlutun". Fréttaflutningurinn hvetur vesturlandabúa til "aðgerða" og býr jarðveginn undir þær. Markmiðið er alltaf hið sama: valdaskipti - að grafa undan og steypa "óæskilegum" ríkisstjórnnum.

Fréttastraumurinn er yfirþyrmandi, fréttahaukarnir eru "á staðnum", slagsíðan er öll á eina hlið - þótt fréttir komi frá óteljandi fréttastöðvum. Það þarf sterka sannfæringu til að kyngja ekki a.m.k. hluta af þessum fréttagúsum, þó að við vitum að við höfum verið margplötuð áður.

Rétt er að taka strax fram að þetta er ekki séríslenskt, íslenskar fréttastofur gera jú lítið annað en kópíera efni frá völdugri fréttastofum utan lands. Í nálægum löndum er slagsíðan söm eða eða svipuð og hér. Vandamálið er kerfisbundin slagsíða í fréttaflutningi á Vesturlöndum - og slagsíðan er hvergi meiri en í umfjöllun um stríð eða átök á alþjóðavettvangi.

Nokkrar mikilvægar spurningar í þessu sambandi: Hvaðan kemur þessi miðstýring? Af hverju er þessi fréttaflutningur ótal frjálsra fréttastofa svona samhljóða? Af hverju er hann svo fjarri sannleikanum?

Í upphafi máls er óhjákvæmilegt að benda á þá þróun heimsmála sem varð eftir fall Múrsins. Þá varð heimurinn "einpóla": Efnahagslegir, pólitískir og hernaðarlegir yfirburðir USA urðu gífurlegir. Sovétríkin skildu eftir tómarúm. Greið leið opnaðist fyrir hnattvæðingu vestrænna auðhringa. USA og bandamenn höfðu ægivald á alþjóðavettvangi og fóru nú að mestu sínu fram, s.s. innan SP. Ef ríkisstjórnir sveigðu sig ekki að reglum vestrænnar hnattvæðingar útheimti það valdaskipti. Bandarísk/vestræn hernaðarleg stórsókn hófst og var sérstaklega beint að hinum olíuauðugu Miðausturlöndum, NATO var hnattvætt. (Sjá grein eftir greinarhöfund, "[Sýrland og Íran eru það í tafli um heimsyfírráð](http://www.attac.is)" sl. sumar á vefnum <http://www.attac.is>).

Nú, rúmum 20 árum eftir fall Múrsins, hefur efnahagslegt forskot Bandaríkjanna á keppinauta sína stórminnkað. Hernaðarlegir yfirburðir þeirra eru hins vegar óskertir. Pólitískt og diplómátskt áhrifavald er sömu leiðis lítt skert. Hin miklu yfirtök Vesturveldanna á sviði fjölmiðlanna er lykilþáttur í valdamaskínu þeirra. Hvernig er sú maskína saman sett?

Samþjöppun og miðstýring fjölmiðlunar

Þá er fyrst til að taka að flestar stærstu og áhrifaríkustu fréttastofur Vesturlanda eru í eigu stórra og völdugra auðhringa. Þetta á ekki síst við um bandarískar sjónvarpsstöðvar. Eigendurnir verða sífellt færri, sífellt stærri og völdugri. Fimm eigendur fjölmiðla, ekki síst ljósvakamiðla, í Bandaríkjunum ráða markaðnum:

- Disney - risi í kvikmyndum, bókum, blöðum og sjónvarpsreksktri, á m.a. sjónvarpsstöðina ABC.
- Time Warner - risi í kvikmyndum og einnig sjónvarpsrekstri, á m.a. CNN.
- News Corporation Limited/Rupert Murdoch sem á m.a. stöðina Fox News, blaðið The Wall Street Journal og kvikmyndafyrirtækið Twentieth Century Fox.
- Westinghouse sem á stærstu sjónvarpsstöð Bandaríkjanna, CBS-Corporation.
- General Electric sem á sjónvarpsstöðvanetið NBC.

Ekki þarf blöðum um það að fletta: Þessir völdugu fjölmiðlaauðhringar standa fyrir ameríska menningarlega heimsvaldastefnu og hafa allan heiminn undir. Þeir hafa að því leyti sameiginlega heimssýn, sýn sem skáldið lýsti í rímu sinni um Disney:

Nemur löndin Andrés önd
argvítugur steggur.
Dauða hönd á dal og strönd
Disneyvélin leggur.

Disneyher í flokkum fer
fyllir hugarkeröld
þar til veröld okkar er
orðin DISNEYVERÖLD.

(Þórarinn Eldjárn, úr Disneyrímunum, 1978)

Hiklaust má gera ráð fyrir að fjölmiðla- og kvikmyndarisarnir amerísku samsami sig mjög bandarískri utanríkis- og útbenslustefnu sem beinist m.a. að því að halda við völd vestrænt sinnuðum ríkisstjórnnum vítt um heim. Tilkoma nýrra slíkra stjórna - eða þá tilkoma stjórna sem andsnúnar eru vesturveldum - hefur mikil og bein áhrif á gróða þeirra og tap.

Öll framantalin sjónvarpsfyrirtæki eru áróðursmaskínur bandarískrar heimsvaldastefnu þó að þau séu einkastöðvar og formlega óháðar. Þær eru auðvitað fjárhagslega háðar eigendum sínum, en það er beinlínis meginatriði í heilapvottaprógramminu að þær LÍTI ÚT fyrir að vera óháðar.

Sumir fjölmiðlaeigendurnir eiga þó meiri og beinni tengsl við bandaríska hernaðarstefnu en þetta. Auðhringurinn General Electric, eigandi NBC, hefur lengi verið opinber stuðningsaðili Repúblikanaflokksins. Rannsóknarblaðamenn vefsíðunnar [FAIR](#) sem könnuðu hagsmuni fyrirtækisins af fyrra stríðinu í Írak, árið 1991, fundu að það framleiddi eða skaffaði varahluti í nærri öll vopnakerfi sem Bandaríkjaher notaði í stríðinu. (sjá [Norman Solomon, "The Military-Industrial-Media Complex"](#))

Jafnvægið í fréttáflutningnum kannað

Íraksstríðið 2003 var skýrt prófmál um pólitískt hlutverk fjölmiðlanna. Áðurnefnd vefsíða, FAIR, kannaði jafnvægið í fréttáflutningi hjá sex bandarískum sjónvarpsstöðvum þrjár fyrstu vikur stríðsins. Útkoman var þessi:

Nærri tveir þriðju allra viðmælenda, 64%, voru hlyntir stríðinu og 71% bandarískra viðmælenda voru það. Neikvæðir gagnvart stríðinu voru 10% viðmælenda en aðeins 6% þeirra sem ekki voru Írakar og bara 3% bandarískra viðmælenda. Þannig að það var sex sinnum líklegra að áhorfendur sæju viðmælenda jákvæðan gagnvart stríðinu en neikvæðan, og ef aðeins voru taldir bandarískir viðmælendur var hlutfallið 25 á móti 1 ([Norman Solomon, "The Military-Industrial-Media Complex"](#)).

Sú evrópsk stöð sem langmest áhrif hefur á sviði fréttáflutnings er breska BBC, gömul og fjársterk útvarpsstöð sem notið hefur virðingar. Fjölmiðlarýnirinn David Miller gerði "jafnvægið" í framsetningu hennar á Íraksstríðinu 2003 að umtalsefni meðan stríðið stóð sem hæst:

BBC snéri blinda auganu að hinni klofnu afstöðu þjóðarinnar. Rannsókn á vegum Frankfurter Allgemeine Zeitung í fimm löndum leiddi í ljós að BBC sýndi lægst hlutfall andmæla gegn stríðinu af þeim öllum, aðeins 2% miðað við 7% hjá bandarísku sjónvarpsstöðinni ABC ("[David Miller: Taking sides](#)", [The Guardian 22/4 2003](#))

Loks þarf að segja nokkur orð um stöðina Al-Jazeera sem gegnt hefur veigamiklu hlutverki í fréttáflutningi um Mið austurlönd. Sú stöð var stofnuð 1996 í Katar og var lengi ferskur andi í fjölmiðlaheimi, ekki síst í málefnum Palestínu en einnig kringum Íraksstríðið 2003. Stöðin eignaðist þá tryggja áhorfendur meðal heimsvaldaandstæðinga á Vesturlöndum. Síðan hefur eitthvað slæmt gerst af því gagnvart Líbíu og Sýrlandi hefur hún fengið sömu einkenni og aðrar sjónvarpsstöðvar í arabalöndum: að vera verkfæri eigin stjórnvalda. Í þessu tilfelli er æðsta stjórnvaldið í landinu sjeik Mohammed Al-Thani sem um tíma eignaðist 5% í Kaupþingi en hefur síðan leikið sístækkandi hlutverk í Arabalöndum í þágu Vesturveldanna og er m.a., ásamt Sáði-Arabíu, sá aðili sem mest hefur útvegað líbískum og sýrlenskum uppreinarmönnum vopn. Fréttáflutningur stöðvarinnar í greindum styrjöldum hefur lagað sig að þessu hlutverki og verið tekið feginsamlega af stóru

vestrænu fréttastofunum. Sú staðreynd að eigandi stöðvarinnar er katarska ríkið hefur nú greinilega gert sig gildandi (sjá [Nicholas Noe & Walid Raad: Al-Jazeera Gets Rap as Qatar Mouthpiece](#))

Framleiddur sannleikur - framleitt samþykki

Fréttastöðvar þær sem fylgja meginstraumnum leita ekki sannleikans, þær framleiða "sannleika" í samræmi við hagsmuni eigenda sinna. "Sannleikurinn" sem þær framleiða er heimsvaldasinnaður sannleikur. Fyrir alþýðu og kúgaðar þjóðir er það blekkingavefur.

Noam Chomsky og Edward S Herman skilgreindu árið 1988 "framleitt samþykki" í bókinni Manufacturing Consent. Framleitt samþykki fæst gegnum það áróðurskerfi sem fjölmiðlanetið myndar.

Það sem fjölmiðlarnir gera í reynd er að gefa sér ákveðnar meginforsendur sem tjá grundvallarhugmyndir áróðurskerfisins - hvort sem það snertir Kalda stríðið, efnahagskerfið eða "ríkishagsmuni" o.s.frv. - og leggja svo upp ákveðna umræðu innan þessa ramma, svo að umræðurnar styrkja aðeins þessar forsendur, innprenta þær í huga fólks sem það heildarsvið skoðana sem til greina koma. (www.uiowa.edu/~cyberlaw/lem02/chomsky1.html)

Chomsky og Herman sýna fram á hvernig fréttá- og afþreyingarstöðvar helga sig einfaldlega gróðasókn innan ríkjandi kerfis á grundvelli ráðandi samþykkis elítunnar. Þar við bætist svo alþjóðleg miðstýring efnisins, og það á alveg sérstaklega við um átök á alþjóðavettvangi:

Ef þið viljið ræða framsetningu fréttá og upplýsinga þá er meginmunstrið það að nokkrir fjölmiðlar eru það sem stundum er nefnt "dagskrár-ákvarðandi" miðlar: sjónvarpsstöðvar sem leggja fram þann ramma sem aðrir minni miðlar þurfa í meginráttum að laga sig að (sama heimild).

Þessi kenning sannar sig í umfjöllun um átök á alþjóðavettvangi sbr. það sem áður er sagt um upphaf Íraksstríðsins 2003. Í slíkum átökum er hagsmunagæslan allra skýrust. Stóru og voldugu stöðvarnar gefa tóninn, hinar bergmála.

Útkoman er altént ein risavaxin og samstillt vestræn áróðursvél. Á Íslandi er hún t.d. miklu skilvirkari en hún var um 1970 þegar Víetnamstríðið stóð sem hæst. Þá var alla vega þjóðviljinn til og fólk vissi að til var annar skilningur á þessu stríði. Nú er enginn sjáanlegur munur á milli helstu fjölmiðla í landinu hvað þetta varðar. Vélin er líka skilvirkari en hún var 1988, þegar Chomsky og Herman skrifuðu um "framleitt samþykki" - þetta var áður en Austurblokkinn féll og heimurinn varð einpóla. Vélin er líka mun þróaðri og afkastameiri til miðstýringar en fjölmiðlar í svonefndum "alræðisríkjum". Þar vissu og vita allir að fjölmiðlarnir eru hvorki frjálsir né óháðir svo fólk leitar annað eftir upplýsingum. Í okkar vestræna heimi er fréttáflutningurinn jafn miðstýrður en lítur út fyrir að vera frjáls og óháður. Í því liggur hinn blekkjandi styrkur hans.

- [Al-Jazeera](#)
- [Alþjóðamál](#)
- [BBC](#)
- [CNN](#)
- [FAIR](#)
- [Fjölmiðlar](#)
- [Írak](#)
- [Líbía](#)
- [Mohammed Al-Thani](#)
- [Noam Chomsky](#)

- [Norman Solomon](#)
- [Sýrland](#)

Source URL:

<http://www.attac.is/greinar/n%C3%BDju-str%C3%AD%C3%B0in-og-heila%C3%BEvottav%C3%A9lin-mikla>